

Hefur verðmæti afla aukist?**Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða 2012, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs.**

Herra forseti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, fundarstjóri og aðrir gestir Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013.

Markmið sjávarútvegsins hljóta að vera að hámarka tekjur af því sjávarfangi sem er veitt, kemur úr eldi eða er flutt inn, nánar til tekið auka tekjur á hvert hráefniskíló. Ég ætla að fara yfir þessa þætti, skoða hvernig aðföng hafa þróast og spá til um hversu mikið framboð verður á næsta ári. Ég mun setja fram greiningu á þróun afurðaverðs s.l. áratuginn fyrir helstu tegundir og sjá hjá hvaða tegundum hefur tekist að ná umtalsverðri hækkun.

1. Íslenskur sjávarútvegur 2012 og horfur 2014

Í þessum hluta set ég fram yfirlit yfir veiðar, eldi og ræktun, og innflutning á sjávarfangi, en þetta er það magn sem greinin hefur til að vinna úr.

Á síðasta ári var heildarframboð til sjávarútvegsins 1.519.000 tonn og er það aukning upp á rúm 300.000 tonn frá 2011. Íslensk fiskveiðilögsaga skilaði 83% af þessu magni, sem er mikil aukning frá fyrra ári, veiði utan lögsögunnar skilaði 13% aflans, úr fiskeldi og ræktun kom 0.5% og innflutningur skilaði 4%.

Á næstu myndum mun ég greina heildarframboðið 2012, áætla hvernig þetta ár verði og spá í afla og framboð á næsta ári. Ég fer nokkuð hratt yfir sögu, en þeir sem vilja kynna sér þessar upplýsingar nánar geta nálgst allar myndir á næstunni á vef Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Ef við skoðum einstaka flokka og byrjum á bolfiski sjáum við að af honum komu 420.000 tonn í fyrra, sem er lítilsháttar aukning frá 2011. Það er því langt í að við náum þeim 500.000 eða jafnvel 600.000 tonnum af bolfiski sem veitt var hér áður. Árið hefur hins vegar verið gott, komin voru 375.000 tonn í land í lok október, sem er 29.000 tonna aukning á milli ára.

Ég áætla því að að í ár verði afli bolfisks 432.000 tonn og að á næsta ári verði afli, með aukningu í þorski og karfa, 445.000 tonn. Þetta væri mjög jákvæð þróun.

Í fyrra var afli flatfisks 24.000 tonn, sem er hækkun um 1.000 tonn. Fyrstu 10 mánuði þessa árs voru veidd 22.000 tonn, sem er lítilsháttar aukning frá því í fyrra.

Því geri ég ráð fyrir að 25.000 tonn veiðist í ár en að næsta ári minnki aflinn um 2.000 tonn og verði 23.000 tonn vegna samdráttar í grálúðuveiðum.

Eins og áður er stór óvissa í veiðum uppsjávarfisks. Í fyrra var veiði rétt undir 1 milljón tonn og munar þar mest um hve loðnuveiðar voru góðar, en það veiddust af loðnu 583.000 tonn. Árið hefur verið ágætt, þó ekki jafn gott of 2012, afli var 819.000 tonn í lok október sem er 110.000 tonnum minni afli en á sama tíma í fyrra.

Í ár er verður samdráttur frá því í fyrra vegna þess að minna hefur veiðst af loðnu og síld, en á móti kemur aukning í kolmunna. Loðna ræður mestu um það hvernig næsta ár verður, það má reikna með aukningu í kolmunna en minnkun í norsk íslensku síldinni. Það er óvissa um hverju samningar um makríl skila, en ástand stofnsins er gott. Ég fékk nokkra úr greininni til að spá með mér um afla næsta árs og leyfi ég mér að setja fram spá um 690.000 tonn, en þetta getur samt verið bjartsýn spá.

Það er eins með skel- og krabbadýr og aðra flokka, við höfum séð mun meiri afla á síðustu 20 árum. Aðeins voru veidd 14.000 tonn í fyrra og heldur rækja veiðinni uppi með 10.000 tonn. Fyrstu 10 mánuðir ársins hafa verið eins og í fyrra, afli upp á 12.000 tonn.

Í áætlun fyrir árið í ár og spá um næsta ár hef ég leyft mér að vera bjartsýnn og vonast til að einhver nýti sér hluta af þeim 31.500 tonnum af kúfiskel sem Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um í ár og á næsta ári. Fyrir öll skel- og krabbadýr set ég afla í ár 15.000 tonn og 16.000 tonn á því næsta.

Afli íslenskra skipa var í fyrra 1.449.000 tonn sem er rúmlega 300.000 tonna aukning frá 2011.

Fyrstu 10 mánuði þessa árs var samdráttur um rúm 80.000 tonn, svo reikna má með að heildarafli í ár verði 1.340.000 og á næsta ári ekki meiri en 1.180.000 tonn.

Hvalveiðar eru ekki taldar með þar sem nákvæmar tölur um þyngd liggja ekki fyrir.

Þá eru tveir flokkar eftir, eldi og innflutningur. Síðustu 5 ár hefur eldi og ræktun verið stöðug með 5.000 tonn, en í fyrra jókst magnið og var 8.000 tonn og var Íslandsbleikja áfram stærst með 3.300 tonn. Mesta aukningin var þó í laxi og skilaði það eldi 3.100 tonnum í fyrra. Auk þess var aukning í silungi og barra.

Það er talið að í ár komi 9.000 tonn úr eldi og að það geti farið í 13.000 á næsta ári, en það eru plön um enn frekari aukningu á næstu árum.

Síðast er það framboð af sjávarfangi sem er innflutt hráefni og landanir erlendra skipa. Aðeins komu 62.000 tonn í fyrra en voru 83.000 tonn árið 2011. Það er samdráttur í öllum tegundum, þorski, uppsjávarfiski og rækju.

Ekki er að sjá að breyting verði í ár eða næstu árum, sem er miður því hér er eftir nokkru að slægjast fyrir sjávarútveginn.

Myndin sýnir heildarframboð úr veiðum, eldi og innflutningi frá 1995 og til 2012. Síðasta ár var mjög gott með heildarmagni yfir 1,5m tonnum.

Árið í ár verður hins vegar ekki eins gott, en ég áætla að í heild séu 1.410.000 tonn til ráðstöfunar. Miðað við fyrri spár, verður frekari samdráttur og að heildarmagn verði um 1.250.000 tonn, eða svipað magn og 2011.

Ráðstöfun afla – Vinnsla

Snúum okkur næst að vinnslunni og hvernig þessum aflu var ráðstafað á liðnu ári. Ef heildin er skoðuð, þá var 50% af öllum aflu frystur og 38% fór í bræðslu. Þau 12% sem eftir eru fóru í söltun, fersk flök og óunninn úr landi.

Ég vil skoða tvær myndir varðandi ráðstöfun aflans, en sú fyrri er fyrir mikilvægustu bolfisktegundir, þorsk, ýsu, ufsa og karfa. Súlurnar sýna

aflann og tengjast hægri ásnúm en línurnar sýna vinnsluaðferð í % af heildarafla og er þá miðað við vinstri ásinn.

Athyglisverðasta breytingin fá aldamótum er að hlutfall þess sem fer í fersk flök hefur tvöfaldast, var 14% í fyrra, og hefur sú þróun haldið áfram í ár enda hafa framleiðendur forskot á önnur lönd með ferskar afurðir. Næstum helmingi minna fer nú í söltun en áður eða eingöngu 17% af afla. Þetta hlutfall hefur þó verið stöðugt síðustu árin. Mestur afli fer í frystingu eða 61%, og breytist það lítið þó hlutfallið hafi sveiflast frá 2000. Hæg minnkun er í sjófrystingu frá 2008 en á saman tíma hefur landfrysting aukist verulega. Það sést svo að útflutningur á óunnum fiski hefur litið breyst og er svipaður og um aldamótin en það varð töluverð auking á miðju tímabilinu. Að lokum fara 3% í aðra vinnslu, sem er mest þurrkun.

Þessi mynd sýnir magn og ráðstöfun á öllum afla uppsjávarfisks frá 2000. Súlurnar sýna aflann, en ólíkt fyrri mynd þá sýna línurnar magnið sem fór í bræðslu og frystingu. Í fyrra fóru 56% í bræðslu en 44% í frystingu, en 2010 og 2011 hafði jafn mikið farið í bræðslu og frystingu. Þróunin sem sést er mjög merkileg, frá 1990 og fram til 2002 fóru yfir 90% af uppsjávarafla í bræðslu, en síðan þá hefur hlutdeild frystingar eða framleiðslu til manneldis aukist til muna. Í síðari hluta ræðunnar munum við sjá hvað þessi breyting hefur þýtt fyrir verðmætasköpun í landinu.

Útflutningur

Ég lýk yfirferð 2012 með því að skoða hvaða markaðir voru mikilvægastir og hvað afurðir seldust best.

Á síðasta ári voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 277 mrð.kr. Í tölum Hagstofunnar er talað um 269 mrð.kr, en ég bæti við flokkum sem eðlilega á að telja með, þ.e. eldisfiski og niðurlögðum afurðum, en þær samtals gera um 8 mrð.kr. Til upplýsingar þá eru hvalafurðir með í tölum Hagstofunnar, en verðmæti þeirra nam 1,3 mrð.kr. í fyrra.

Bláa línan sýnir verðmæti á verðlagi hvers árs en sú rauða sýnir verðmæti útflutnings á gengi ársins 2012. Það má sjá að þróunin frá 2000 til 2009 var lítilsháttar upp á við, en síðan 2009 hafa verðmæti á föstu gengi aukist um 30% eða 65 mrð.kr, sem er mjög góður árangur.

Áætla má að útflutningsverðmæti verði óbreytt í ár frá því í fyrra, en það sýna tölur fyrstu 9 mánuði ársins. Ef við horfum á næsta ár spái ég lítilli aukningu, bolfiskafli eykst en uppsjávarafli minnkar, og það hafa verið verðlækkunar á þorski í ár en hækkun á ýsu, svo erfitt er að fá góða mynd af því hvað verður.

Evrópa er langstærsta markaðssvæðið en 81.5% af útflutningi fóru þangað í fyrra. Asía er með 8.5% og Norður Ameríka með 4.5%. Mikill vöxtur hefur verið til Afríku en þangað fóru 5% af útflutningsverðmæti í fyrra. Suður Ameríka er með hverfandi hlutdeild.

Myndin sýnir 11 stærstu markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir í fyrra og hlutdeild einstakra landa 2001 og 2011. Bretland er eftir sem áður langmikilvægasti markaðurinn með tæp 17%, þó salan hafi dregist saman. Áhugaverðar breytingar milli ára er vöxtur á Noregsmarkaði, minni sala til Spánar, Rússland er áfram stór markaður og það er enn vöxtur í sölu til Nígeríu. Bandaríkjamarkaður stækkar á ný en lítilsháttar samdráttur er til Japans. Þessar breytingar eiga sér margar eðlilegar skýringar í samsetningu afla og nýjum afurðum.

Top 10 listi fyrir söluhæstur afurðir og afurðaflokka er áhugaverður. Fersk þorskflök og bitar eru aftur mikilvægasti flokkurinn í fyrra með 22,6 mrð.kr. að verðmætum. Fiskimjöl er aðeins minna eða 22,3 mrð.kr. Næstu flokkar eru heilfrystur makrill, blautverkaður saltfiskur, landfryst þorskflök og lýsi. Aðrir flokkar á listanum eru þeir sömu og í fyrra, það er aðeins um smá tilfærslu á listanum, það eru landfryst síldarflök, sjófrystur karfi, pilluð rækja og sjófryst þorskflök. Topp 10 flokkarnir eru með 42% af verðmætum útflutnings í fyrra.

2. Heimsframboð sjávardýra úr veiðum og eldi

Ég vil koma stutt inn á heimsframboð sjávardýra.

Heildarframboð sjávardýra var árið 2011, 156 milljónir tonna. Þetta magn skiptist á milli veiða, sem voru 94 milljón tonn, og eldis, með 63 milljónir tonna. Framboð sjávardýra hefur aukist um nærri 30 milljón tonn á síðasta áratugi og munar þar mest um eldi, sem aukist hefur úr 35 milljónum tonna í 63 milljónir, en veiðar hafa aukist þó aðeins eða um 3 milljónir tonna.

Myndin sýnir hvernig þetta magn skiptist á heimsálfur, rauðir fletir tákna veiðar og blái magn úr eldi og ræktun. Asía gnæfir yfir bæði hvað veiðar og eldi varðar, en 2/3 allra sjávardýra koma frá þessum heimshluta og meira kemur úr eldi en veiðum. Geysilegur vöxtur er í eldi og ræktun, og jafnvel veiðar aukast hjá þessum þjóðum. Eldi Asíuþjóða fór úr 30m tonnum 2001 í 55m ton 2011.

Veiðar í Evrópu hafa frá 1997 degist stöðugt saman, farið úr 18m tonnum í rúmar 13m 2011, en eldi hefur aukist.

Ekki er tími til að skoða þessar tölur frekar, en hlutdeild Íslands í heildarframboði var 0,7% en af veiði og eldi í Evrópu var hún 7%.

3. Hafa afurðaverð hækkað á síðustu 10 árum?

Í þessum þriðja hluta ætla ég að skoða afurðaverð nokkurra mikilvægra tegunda í fyrra og athuga hvort það hefur hækkað á síðasta áratugi. Þetta geri ég með því að reikna út útflutningsverð á hráefniskíló fyrir þessar tegundir.

Útreikningar mínir eru útskýrðir á þessari mynd. Ég tek allar útflutningstekjur af hverri fisktegund en grunnurinn eru tölur Hagstofunnar og flokkun hennar, en svo færi ég til og met útflutningstölur sem ekki eru flokkaðar á ákveðnar tegundir. Í þessa tölu deili ég öllu magni sem veitt var, kom úr eldi eða flutt inn. Til hliðar er dæmi um þorsk, þar var þetta magn í fyrra 207.000 tonn, útflutningsverðmæti voru 83 mrð.kr og gefur það afurðaverð á hráefniskíló. Þetta þýðir að hvert veitt kíló af þorski skilaði að meðaltali 402 kr. í tekjur.

Útflutningsverðmæti fyrri ára breyti ég miðað við vísitölu viðskptavogar en þá hverfa áhrif gengisbreytingar krónunnar og því sjáum við hvernig verð hafa þróast á föstu gengi.

Ég mun skoða þróun fyrir þorsk, ýsu, loðnu og síld. Áhugavert er að sjá útflutningsverð á hráefniskíló fyrir 2012 en sérstaklega finnst mér áhugavert að skoða þróun á þessu tímabili og bera saman 2012 við verð fyrir um 10 árum eða á ári þar sem afli var svipaður, en það er nokkuð líklegt að heildarafli hefur áhrif á hvað hægt er að gera við aflann, þ.e. hver er afkastageta greinarinnar er við þetta magn.

Fyrir þorsk var afurðaverð á hráefniskíló í fyrra 402 krónur. Myndin sýnir að frá 2000 hefur það hækkað nokkuð, ef frá eru taldar miklar hækkanir 2006 og 2007 sem gengu til baka 2008 og 2009. Margar skýringar eru líklega á því sem ekki er tími til að skoða hér. Hér er samanburður á milli 2003 og 2012 en afli var svipaður bæði þessi ár. Afurðaverð á hráefniskíló var 388 kr. árið 2003 sem þýðir að hækkun til ársins 2012 hefur einungis verið 3,5% eða innan við 0.5% á ári. Það getur að mínu mati ekki talist viðunandi árangur með þessa mikilvægu fisktegund. Og eins og allir vita þá hafa verð lækkað mikið í ár.

Lítum næst á ýsu. Í fyrra var meðalafurðaverð á hráefniskíló 344 kr., en myndin sýnir að þróunin hefur verið jákvæð, þó með töluverðum sveiflum. Afli hefur sveiflast mikið og það hefur mikil áhrif á ráðstöfun hans. 2002 var aflinn svipaður og í fyrra, um 50.000 tonn. Afurðaverð á hráefniskíló var þá 290 kr. og hefur því hækkað um 19% á 10 árum, sem er mjög gott. Og þetta ár verður betra.

Uppsjávarfiskar

Snúum okkur að tveimur uppsjávarfiskum, en þar hefur þróun verið mjög ólík.

Þróun loðnuverðs er mjög jákvæð með mikla hækkun á útflutningsverðmætum. Afurðaverð í fyrra var 48 kr. á hráefniskíló. Árið 2005 var afli svipaður og í fyrra eða rúm 600.000 tonn, en þá var afurðaverð aðeins 30 kr/kg. Þetta er 60% hækkun sem er mjög gott.

Hlutdeild afla sem fór í bræðslu á þesu tímabili hefur sveiflast en var yfirleitt yfir 80%, að ná frystingu upp fyrir 20% er erfitt (nema þegar afli er mjög lítill). En það er spurning hvort ekki sé hægt að auka vinnslu til manneldis meira?

Að lokum er það öll síld, en henni er blandað saman í útflutningstölum. Geysileg aukning er á verðmæti síldar, á 10 árum hefur afurðaverð á kg. næstum því þrefaldast, og farið úr 47 kr.kg í 133 kr.kg. Verðmæti alls afla hefur því aukist um 18 mrð. króna. Helsta breyting í vinnslu er mikil minnkun á bræðslu og að sama skapi aukning til manneldis.

Hvað hefur verið gert – hvað er hægt að gera

Hvað veldur þessum sveiflum í afurðaverðum? Flestar skýringar eru vel þekktar, en það á samt alltaf erindi að rifja þær upp og fara yfir hvað breytir árangrinum.

Veiðar og eldi:

Ferskleiki, meðhöndlun afla og stöðugt framboð

Vinnsla:

Meðferð hráefnis, framfarir í vinnslutækni, þjálfun starfsfólks og að hámarka vinnslu til manneldis

Rannsóknir:

Vinnslu og vöruþróun

Flutningskeðjan:

Gæði, flutningsgeta og áreiðanleiki

Lög og reglur:

Allur afli fari í vinnslu, eftirlit

Markaðir:

Stórar spurningar um framboð og eftirspurn

Gengi:

Gengi ISK miðað við viðskiptamyntir

Markaðs og sölumál:

Hvernig er staðið að þeim, langtíma eða skammtíma hugsun, samstarf og vinna á nýja markaði

Og að lokum: Ímynd íslenskra sjávarafurða

Hvernig er hún og vita neytendur að þeir eru að fá íslenskan fisk

Ágætu ráðstefnugestir.

Það er eftir miklu að slægjast og Sjávarútvegsráðstefnan er góður vettvangur til að taka stöðuna, kynnast nýjum viðhorfum og sækja fram á við.